

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/36/85

frá 23. nóvember 2012

um að færa bifentrín ekki á skrá fyrir vöruflokk 18 í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna

(tilkynnt með númeri C(2012) 8442)

(2012/728/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 2. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna² er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB. Sú skrá nær yfir bifentrín.
- 2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1451/2007 hefur bifentrín verið metið í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í vöruflokki 18, skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að halda öðrum liðdýrum í skefjum, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun.
- 3) Frakkland var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 2. nóvember 2009 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.
- 4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslu lögbæra yfirvaldsins. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu fastanefndarinnar um sæfivörur, 25. maí 2012.
- 5) Mat hefur leitt í ljós að gera má ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar sem skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að halda öðrum liðdýrum í skefjum og innihalda bifentrín, uppfylli ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í

5. gr. tilskipunar 98/8/EB. Þær sviðsmyndir sem metnar voru við mat á umhverfisáhrættu sýndu óviðunandi áhrættu fyrir vatnsræna umhverfishólfið. Því þykir ekki rétt að færa bifentrín á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB fyrir notkun í vöruflokki 18.

- 6) Í þágu réttarvissu skal tilgreina þá dagsetningu þegar ekki má lengur setja sæfivörur í vöruflokki 18 sem innihalda bifentrín á markað, með tilliti til bæði óviðunandi áhrættu af völdum þessara vara og lögmættra væntinga framleiðenda þeirra.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr:

Ekki skal færa bifentrín (CAS-nr. 82657-04-3) á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB, í vöruflokki 18.

2. gr:

Að því er varðar 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 skal ekki setja á markað sæfivörur, sem falla undir vöruflokk 18 og innihalda bifentrín (CAS-nr. 82657-04-3), frá og með 1. maí 2013.

3. gr:

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. nóvember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 327, 27.11.2012, bls. 55. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2013 frá 15. júlí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 72, 19.12.2013, bls. 11.

(¹) Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

(²) Stjtið. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3.